



Reykjavík Cocktail Weekend 2024

Upplýsingar varðandi þátttöku fyrir bari og veitingahús

Stærsta kokteilahátíð Íslands, Reykjavík Cocktail Weekend fer fram dagana 3.-7. apríl 2024! Yfir 30 barir og veitingahús hafa tekið þátt síðustu ár og er stefnt að enn meiri fjölda þetta árið.

Hver staður skilar inn sér útbúnum kokteilaseðli með að minnsta kosti 5 kokteilum sem innihalda vörur frá að minnsta kosti **5** samstarfsaðilum RCW. Við hvetjum þó staði til þess að hafa vörur frá þeim öllum. (Sjá lista yfir samstarfsaðila hér að neðan)

Kokteilaseðill hvers staðar í kringum RCW skal vera í boði alla dagana sem RCW fer fram að lágmarki til kl **23:00** öll kvöldin.

Hver staður getur haft „spons“ party að hámarki **3** sinnum á meðan á RCW stendur. Á þessum tíma má annar sér seðill vera í gangi samhliða RCW seðlinum.

Staðurinn tilnefnir **1** drykk í keppnina um Reykjavík Cocktail Weekend drykk ársins 2024. Dómnefnd mun dæma drykkina á fimmtudaginn **4. apríl** (walk around) og komast **5** í úrslit sem fara fram sunnudaginn **7. apríl** á loka viðburði RCW.

Kostnaður fyrir þátttöku í RCW 2023 fyrir hvern stað er 70.000 krónur sem greiðist sem styrkur til Barþjónaklúbbs Íslands. Þeir staðir sem skrá sig og senda inn kokteilaseðil á réttum tíma fá 20.000 kr. afslátt og dettur því kostnaðurinn niður í 50.000 krónur.

- **Skráningarfrestur er til 6. mars**
- **Skilafrestur kokteilaseðils er til 20. mars**

Innifalið í verðinu er:

Hönnun, uppsetning á markaðsefni, prentun á kokteila seðlum og þátttaka í sameiginlegu markaðsátaki RCW 2024. Staðurinn verður auglýstur á öllum helstu miðlum RCW.

Samstarfsaðilar RCW 2024 eru:

- CCEP - <http://www.ccep.is/>
- Globus - <http://globus.is/>
- Innnes - <https://innnes.is/fyrirtaekid/afengj>
- Mekka Wines & Spirits - <https://www.mekka.is/>
- Rolf Johansen & Co - <http://rjc.is/>
- Ölgerðin Egill Skallagrímsson - <http://www.olgerdin.is/>
- OG Natura - <https://www.ognatura.com/>
- Drykkur - <https://drykkur.is/>

RCW 2024 Dagskrá

3. - 7. apríl

Reykjavík Cocktail Weekend hefst miðvikudaginn 3. apríl og stendur til sunnudagsins 7. apríl.

Dagskrá RCW 2024 er eftirfarandi.

Miðvikudagur:

- RCW hefst formlega með Reykjavík Cocktail Weekend Expo í Hörpu
 - Undankeppni í Íslandsmeistaramóti Barþjóna
 - Samstarfsaðilar með kynningar á sínum vörum
 - Áætluð lok kl. 23:00
 - Eftirpartý á TBA

Fimmtudagur:

- Walk Around fyrir **RCW** kokteil ársins
- Staðir með uppákomur í samstarfi við umboðsmenn

Föstudagur:

- Staðir með uppákomur í samstarfi við umboðsmenn.

Laugardagur:

- Staðir með uppákomur í samstarfi við umboðsmenn.

Sunnudagur:

- Staðir með uppákomur í samstarfi við umboðsmenn
- Gamla bíó
 - Úrslit í Íslandsmóti og RCW drykk ársins.
 - Gala kvöldverður, verðlaunaafhending og lokapartý.



Kokteilabar ársins 2024

Kosið verður um kokteilabar ársins 2024 og fer fram forkosning. Þeir **5** staðir sem hljóta flest atkvæði komast í úrslit. Kosið verður svo aftur í Hörpu á miðvikudeginum. Úrslitin verða kynnt á loka viðburði RCW í Gamla Bíó.

